

Söngbók Hestlendinga



This songbook was generated at www.guitarparty.com

Table of contents

Anna í Hlíð	4
Að lífið sé skjálfandi lífið gras	4
Dagný	4
Einu sinni á ágústkvöldi	4
Fatlafól	5
Fram í heiðanna ró	5
Gunna var í sinni sveit	5
Hvert er farið blómið blátt?	5
Játning	6
Komdu inn í kofann minn	6
Komdu í kvöld	6
Krummavísur	6
Kvenmannslaus í kuldatrekki	7
Kveðið á sandi	7
Káta Víkurmær	7
Kátir dagar	7
Kátir voru karlar	8
Kóngur einn dag	8
Kötukvæði	8
Litla flugan	8
Ljúfa Anna	8
Minning um mann	9
Nú er ég léttur	9
Nú liggur vel á mér	9
Og þá stundi Mundi	10
Sestu hérna hjá mér ástin mín	10
Suðurnesjamenn	11
Tryggðapantarnir	11
Undir Dalanna sól	11
Undir bláhimni	11
Vertu til er vorið kallar á þig	12

Viltu með mér vaka í nótt	12
Vinarkveðja	12
Vor við sæinn (Bjartar vonir vakna)	12
Vor í Vaglaskógi	12
Á Sprengisandi	13
Ást	13
Ég er kominn heim	13
Ég fann þig	14
Í Bláum Skugga	14
Í Hlíðarendakoti	14
Ísland er land þitt	15
Ó, Jósep, Jósep	15
Ó, María mig langar heim	15
Ó, nema ég	16
Óbyggðirnar kalla	16
Út í veður og vind	16
Þytur í laufi	16
Þórsmerkurljóð	17

Anna í Hlíð

Song by: Dick Thomas
Lyrics by: Eiríkur K. Eiríksson
Artists: Vinabandið

Ég fór að smala kindum hér
eitt kvöldið fram í dal
og kominn var ég lengst
inn í bláan fjallasal.
Þá ungru mætti' ég blómarós,
með augun djúp og blíð
og er ég spyr að nafni,
hún ansar: "Anna' í Hlíð."

Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
með augun blá, svo yndisfríð,
af ástarþrá ég kvalir líð.
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
nei engin er eins fríð
og hún Anna mín í Hlíð.

Ég örmum vafði Önnu,
svo hún andann varla dró,
mig ástin var að kæfa
og ákaft hjartað sló.
Svo kyssti' ég hennar mjúka munn
og augun djúp og blíð
og mælti milli kossa:
"Ó, Anna mín í Hlíð."

Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
ég elska mun þig alla tíð
og örmum vefja ár og síð.
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
þú ert svo ung og fríð,
elsku Anna mín í Hlíð.

Að lífið sé skjálfaði lítið gras

Song by: Franz P. Schubert
Lyrics by: Sigurður Þórarinnsson
Artists: Smárákvartettinn í Reykjavík

Að lífið sé skjálfaði lítið gras,
má lesa í kvæði' eftir Matthías,
en allir vita, hver örlög fær
sú urt, sem hvergi í vætu nær.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

Það sæmir mér ekki sem Íslending
að efast um þjóðskáldsins staðhæfing,
en skrælna úr þurrki ég víst ei vil
og vökva því lífsblómið af og til.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

Nú þekkest sú skoðun og þykir fin,
að þetta vort jarðlíf sé ekkert grín,
menn eigi að lifa hér ósköp trist
og öðlast í himninum sæluvist.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

En ég verð að telja það tryggara
að taka út forskot á sæluna,
því fyrir því gefst engin "garantí"
að hjá guði ég komist á fylliri.

Mikið lifandi skelfingar
ósköp er gaman að vera
svolítið "hífaður".

Dagný

Song by: Sigfús Halldórsson
Lyrics by: Tómas Guðmundsson
Artists: Ýmsir

Er sumarið kom yfir sæinn
og sólskinið ljómaði um bæinn
og vafði sér heiminn að hjarta,
ég hitti þig ástin mín bjarta.

Og saman við leiddumst og sungum
með sumar í hjörtunum ungum,
hið ljúfasta úr lögunum mínum,
ég las það úr augunum þínum.

Þótt húmi um heiðar og voga,
mun himinsins stjörnuþýrð loga
um ást okkar, yndi og fögnuð
þó andvarans söngrodd sé þögnuð.

Einu sinni á ágústkvöldi

Song by: Jón Múli Árnason
Lyrics by: Jónas Árnason
Artists: Magnús Eiríksson

Einu sinni' á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
gerðist í dulítlu dragi
dulítið sem enginn veit,
nema við og nokkrir prestir
og kjarrið græna inni Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar

og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða þú og ég.

Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða þú og ég.

Fatlafól

Song by: Megas
Lyrics by: Megas
Artists Megas ásamt fleirum.

Ég þekkti einu sinni fatlafól
sem flakkaði um á hjólastól
með bros á vör en berjandi þó lóminn.
Hann ók loks í veg fyrir valtara
og varð að klessu - ojbara.
Þeir tóku hann upp með kittispaða
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

Fatlafól, fatlafól,
flakkandi um á tíu gíra spítthjólastól.
Ók loks í veg fyrir valtara
og varð að klessu - ojbara.
Þeir tóku hann upp með kittispaða
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

Fram í heiðanna ró

Song by: Daniel E. Kelley
Lyrics by: Friðrik A. Friðriksson
Artists KK ásamt fleirum.

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað í spyrjandi þrá:
Mundi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,

sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.
Þar er himinninn víður og tær.

Þetta loft er svo tært,
finnið þytmjúkan þey,
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei ég vildi ekki borg
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.
Þar er himinninn víður og tær.

Gunna var í sinni sveit

Song by: Erlent Þjóðlag
Lyrics by: Bjarni Guðmundsson
Artists KK ásamt fleirum.

Gunna var í sinni sveit
saklaus trúð og undirleit,
hláturmild en helst til feit,
en hvað er að fást um það.

Svo eitt haust kom mærin með
mjólkurbíl um leið og féð,
henni var það hálf um geð,
en hvað er að fást um það.

Svo leigði hún sér kvistherbergi
upp við Óðinstorg
og úti fyrir blasti við
hin syndum spillta borg.

Engum bauð hún upp til sín
og aldrei hafði hún bragðað vín,
horfði bara á heimsins grín,
en hvað er að fást um það.

Hvert er farið blómið blátt?

Song by: Jón Sigurðsson
Lyrics by: Pete Seeger
Artists Ragnar Bjarnason ásamt fleirum.

Capó á 1. bandi (fyrir upphaflega tóntegund í G#)

Hvert er farið blómið blátt, blóm sem voru hér.

Hví er farið blómið blátt, burtu frá mér
Vera má að blíður blær, blómið sem ég fann í gær.
Hafi á huldu stað, hver getur sagt mér það.

Hvert er farið barnið blítt, börn sem léku sér.
Hví er farið barnið blítt, burtu frá mér.
Vera má að mild og hlý, móðurhöndin vísi því.
Heim jafnt og heiman að, hver getur sagt mér það.

Hvert er farið fljóðið ungt, fljóð sem þekki ég.
Hví er farið fljóðið ungt, farið sinn veg.
Vera má að ástar yl, ævintýr og laumu spil.
Eigi þau enn á ný, á ég að trúa því.

Hvert er farið allt og allt, allir sem voru hér.
Hví er farið allt og allt, alveg frá mér.
Vera má að allt og allt, aftur mætist þúsundfalt.
Út yfir stað og stund, stefni ég á þinn fund.

Játning

Song by: Sigfús Halldórsson
Lyrics by: Tómas Guðmundsson
ArtistsGuðrún Gunnarsdóttir

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði' í návist þinni.
Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr
hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín,
er innan stundar lýkur göngu minni.
Þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði' í návist þinni.

Komdu inn í kofann minn

Song by: Irme Kálmán
Lyrics by: Davíð Stefánsson frá Fagraskógi
ArtistsSigrún Ragnarsdóttir

Komdu inn í kofann minn,
er kvölda' og skyggja fer.
Þig skal aldrei iðra þess
að eyða nótt hjá mér.
Við ævintýraeldana
er ýmislegt að sjá,
og glaður skal ég gefa þér
allt gullið, sem ég á,

tíu dúka tyrkneska
og töfraspjela þrjá,
níu skip frá Noregi
og naut frá Spánía,
austurlenskan aldingarð
og íslenskt höfuðból,
átta gráa gæðinga
og gylltan burðarstól,

fjaðraveifu fannhvíta
og franskan silkikjól,
eyrnahringi, ennisþöng
og alabasturskrín,
hundrað föt úr filabeini
full með þrúguvín
og lampann, sem að logaði
og lýsti Aladdin,

Komdu inn í kofann minn,
er kvölda' og skyggja fer.
Alltaf brennur eldurinn
á arninum hjá mér.
Eg gleymdi einni gjöfinni
og gettu hver hún er.
Ég gleymdi einni gjöfinni,
ég gleymdi sjálfum mér.

Komdu í kvöld

Song by: Jón Sigurðsson
Lyrics by: Jón Sigurðsson
ArtistsRagnar Bjarnason

Komdu í kvöld
út í kofann til mín
þegar sólin er sest
og máninn skín.

Komdu þá ein
því að kvöldið er hljótt,
og blómin öll sofa
sætt og rótt.

Við skulum vera hér heima
og vaka og dreyma,
vefur nóttin örmum hlið og dal.

Komdu í kvöld
út í kofann til mín
þegar sólin er sest
og máninn skín.

Krummavísur

Song by: Íslenskt þjóðlag
Lyrics by: Jón Thoroddsen
ArtistsHeimir og Jónas

Krummi svaf í klettagjá,
kaldri vetrarnóttu á
verður margt að meini,
verður margt að meini,
fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
undan stórum steini,
undan stórum steini.

Allt er frosið úti gor,
ekkert fæst við ströndu mor,
svengd er metti mína,
svengd er metti mína,
ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
seppi' úr sorpi' að tína,
seppi' úr sorpi' að tína.

Öll er þakin ísi jörð,
ekki séð á holtaborð
fleygir fuglar geta,
fleygir fuglar geta,
en þó leiti út um mó,
auða hvergi lítur tó;
hvað á hrafn að éta,
hvað á hrafn að éta?

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel,
flaug úr fjallagjótum,
flaug úr fjallagjótum,
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrr en vakna hjú,
veifar vængjum skjótum,
veifar vængjum skjótum.

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá,
fyrrum frá á velli,
fyrrum frá á velli,
"Krúnk, krúnk! nafnar, komið hér!
krúnk, krúnk! því oss búin er
krás á köldu svelli,
krás á köldu svelli.

Kvenmannslaus í kuldatrekki

Lyrics by: Steinn Steinarr

Kvenmannslaus í kuldatrekki kúri ég volandi.
Þetta er ekki, ekki, ekki þolandi.
Nei, þetta er ekki, ekki, ekki þolandi.
Nei, þetta er ekki, ekki, ekki þolandi.

Kveðið á sandi

Lyrics by: Kristján Jónsson

Yfir kaldan eyðisand
einn um nótt ég sveima.
Nú er horfið Norðurland,
nú á ég hvergi heima.
Ég vil stilla mína strengi,
ég vil syngja lítið ljóð
um þann ljúfa draum,

Káta Víkurmær

Song by: Benjamin Russel Hanby
Lyrics by: Jón frá Ljárskógum
Artists: Örvar Kristjánsson

sem út í bláinn fló,
ég vil syngja mína söngva
um hið fagra, unga fljóð,
sem að forðum ég unni meir en nóg!

Ó! þú kærastan mín kær,
litla káta Víkurmær!
Þinna kossa ég minnist
enn í dag.
Þér til dýrðar vil ég stilla
mína strengi þetta kvöld!
Þú ert stúlkan, sem átt mitt kvæðalag.

Ó, ég man þá dýrðardaga
og þau dásamlegu kvöld
og þær draumanætur
við þinn heita barm.
og ég man þá björtu fegurð,
þegar vorið hafði völd
og þú vafðir mig hvítum, mjúkum arm.

Hún er engu öðru lík,
þessi æskurómantík,
þegar unga hjartað
slær svo villt og fljótt,
þá er guðdómlegt að vaka tvö
og vera saman ein
úti' í vorljósri, heitri júnínótt!

Hverju vori fylgir sumar,
hverju sumri fylgir haust,
og hið sama lögmál
réði þinni ást.
Það var naumast hægt að segja,
að hún entist endalaust!
Nú er of seint um slíkan hlut að fást.

Því að kærastan mín kær,
þessi káta Víkurmær,
er nú konuefni
stórútgerðarmanns.
Ég er ráðinn fyrir skolli
drjúgan skilding, annað kvöld,
til að skemmta í brúðkaupinu hans!

Kátir dagar

Lyrics by: Jenni Jónsson
Artists: Jenni Jónsson

Kátir dagar koma' og fara, koma' og fara,

hvað er það að lifa' og spara, lifa' og spara,
dált við syngjum dönsum nætur, dönsum nætur,
dröttumst oftast seint á fætur, seint á fætur.

Þannig áfram, áfram, áfram æfin líður
undur fljótt og tíminn aldrei bíður, bíður.
Svífa' í sælum draumi svanni' og halur friður,
syngja' og dansa og tra, la, la, la, la.

Vífin ungu vefjum örmum, vefjum örmum,
villumst stundum gleymum hörmum, gleymum hörmum,
oft um nætur ástin brennur, ástin brennur,
öll á burt er dagur rennur, dagur rennur.

Þannig áfram, áfram, áfram æfin líður
undur fljótt og tíminn aldrei bíður, bíður.
Svífa' í sælum draumi svanni' og halur friður,
syngja' og dansa og tra, la, la, la, la.

Kátir voru karlar

Song by: J. E. Jonasson
Lyrics by: Geir Sigurðsson
ArtistsSkagakvartettinn

Kátir voru karlar á kúttar Haraldi.
Til fiskiveiða fóru frá Akranesi.
Og allir komu þeir aftur
og enginn þeirra dó.
Af ánægju út að eyrum
hver einasta kerling hló.

Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.
Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.
Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.
Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.

La, la, la-la-la-la-la-la-la, la.
La, la, la-la-la-la-la-la-la, la.
La, la, la-la-la-la-la-la-la, la.
La, la, la-la-la-la-la-la-la, la.

Kóngur einn dag

Song by: Magnús Eiríksson
Lyrics by: Magnús Eiríksson
ArtistsKK ásamt fleirum.

Allt mitt líf er andartak í tímans hafi
og öll mín tár þar tynast eitt og eitt.
Kóngur einn dag þann næsta ert á bólakafi
þú reyndir sund sem þýðir ekki neitt.

Og eftir situr sársaukinn,
og stundum soldil hamingja.
Ef þú skyldir finn' ana
í öllum bænum grípt' ana.

Ég sem týndi sjálfum mér,
fann' ana og misst' ana
Eftir sit ég hugstola,
svo ömurlega einmana.

Kötukvæði

Song by: Will Grosz
Lyrics by: Sigurður Ágústsson frá Birtingarholti
ArtistsKK ásamt fleirum.

Það var um kvöld eitt að Kötu ég mætti.
Hún var að koma af engjunum heim.
Það var í ágúst að áliðnum slætti
og nærri aldímmt á kvöldunum þeim.

Hún var svo ung eins og angandi rósir.
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.
Um vanga dönsuðu lökkarnir ljósir
og augun leifruðu þögun og kyrr.

Hlýtt ég tók í hönd á Kötu,
horfði' í augun djúp og blá.
Gengum síðan burt af götu,
geymdi okkur náttmyrkrið þá.

En þegar eldaði aftur og birti
í hjarta ákafan kenndi ég sting.
Og fyrir augum af angist mig syrti.
Hún var með einfaldan giftingarhring.

Hún var með einfaldan giftingarhring.

Litla flugan

Song by: Sigríus Halldórsson
Lyrics by: Sigurður Elíasson
ArtistsBjörgvin Halldórsson

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.
Ef ég væri orðinn lítil fluga,
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Ljúfa Anna

Song by: Harry Dacre
Lyrics by: Harry Dacre
ArtistsKK ásamt fleirum.

Ljúfa Anna, láttu mig vissu fá.
Þú ein getur læknað mín hjartasár.
Í kvöld er ég sigli' á sænum
í svala, ljúfa blænum,

æ komdu þá svo blíð á brá
út í bátinn mér einum hjá.

Minning um mann

Song by: Gylfi Ægisson
Lyrics by: Gylfi Ægisson
ArtistsLogar

Nú ætla ég að syngja ykkur lítið fallett ljóð
um ljúfan dreng sem fallinn er nú frá,
um dreng sem átti sorgir en ávallt samt þó stóð
spertur þó að sitthvað gengi á.

Í kofaskrifli bjó hann, sem lítinn veitti yl,
svo andvaka á nóttum oft hann lá.
Þá Portúgal hann teygði, það gerði ekkert til,
það tókst með honum yl í sig að fá.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Börnum var hann góður, en sum þó hræddust hann,
þau hæddu hann og gerðu að honum gys.
Þau þekktu ei, litlu greyin, þennan mæta mann,
margt er það sem börnin fara á mis.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Munið þið að dæma ei eftir útlitinu menn,
en ýmsum yfir þessa hluti sést.
En til er það að flagð er undir fögru skinni enn,
fegurðin að innan þykir best.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Nú ljóðið er á enda um þennan sómasvein,
sem að þráði brennivín og sæ.
Hann liggur nú á kistubotni og lúin hvílir bein
í öskuhrúgu í Vestmannaeyjabæ.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.
Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Nú er ég léttur

Song by: Geirmundur Valtýsson
Lyrics by: Geirmundur Valtýsson
ArtistsGeirmundur Valtýsson

Nú er ég léttur, já orðinn nokkuð þéttur
Ég er í ofsa stuði
og elska hvern sem er.

Nú er ég þreyttur og ákaflega sveittur
í þessu léttu lagi
þig legg að vanga mér.

Þú ert svo sæt og yndisleg
að allur saman titra ég
af ást til þín Ó, elskan mín,
er ekki veröldin dásamleg?

Nú er ég léttur, já orðinn nokkuð þéttur
ballið er rétt að byrja
ég býð þér með mér heim.

Þú ert svo sæt og yndisleg
að allur saman titra ég
af ást til þín Ó, elskan mín,
er ekki veröldin dásamleg?

Nú er ég léttur, já orðinn nokkuð þéttur
ballið er rétt að byrja
ég býð þér með mér heim.

Þú ert svo sæt og yndisleg
að allur saman titra ég
af ást til þín Ó, elskan mín,
er ekki veröldin dásamleg?

Nú er ég léttur, já orðinn nokkuð þéttur
því nú er ballið búið
ég býð þér með mér heim.
því nú er ballið búið
ég býð þér með mér heim.
því nú er ballið búið
ég býð þér með mér heim.

Nú liggur vel á mér

Song by: Óðinn G. Þórarinnsson
Lyrics by: Númi Þorbergsson
ArtistsIngbjörg Smith

Stína var lítil stúlka í sveit,
stækkaði óðum blómleg og heit.
Hún fór að vinna, varð margt að gera,
lærði að spinna, látum það vera.
Svo var hún úti sumar og haust,
svona var lífið strit endalaust.
Samt gat hún Stína söngvana sína
sungði með hárra raust.

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.
Gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.
Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.
Gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.

Gaman fannst Sínu' að glettast við pilt,

gaf hún þeim auga, var oftast stillt.
Svo sá hún Stjána, það vakti þrána,
hann kom á Grána út yfir ána.
Sæl var hún Stína saklaus og hraust,
svo fór hann burtu koldimmt um haust,
samt gat hún Stína söngvana sína
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.
Gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.
Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.
Gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.

Nú er hún Stína gömul og grá,
getur þó skemmt sér dansleikjum á,
situr hún róleg, horfir á hina
hreyfast í takt við dansmúsíkina.
Alltaf er Stína ánægð og hraust,
aldrei finnst henni neitt tilgangslaust.
Enn getur Stína söngvana sína
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.
Gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.
Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.
Gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.

Og þá stundi Mundi

Song by: Erlent Þjóðlag
Lyrics by: Jónas Arnason
ArtistsPapar

Hann Mundi á sjóinn í fyrsta sinn fór
á fjórtánda árinu, lítið og mjór.
Og það sem hann dró hirti húsbóndi hans
og hét því að koma' honum þannig til manns.

Og þá stundi Mundi:
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!
Ég þoli ekki lengur
að þvælast á sjó.“

Hjá Munda var lítið um leik eða hvíld.
Hann lenti eftir fermingu norður á síld
og síðan á línu og síðan á net
og síðan á línu og aftur á net.

Og þá stundi Mundi:
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!
Ég þoli ekki lengur
að þvælast á sjó.“

Og æska hans leið, og hann vann og hann vann,

því vinnan hún „göfgar og bætir hvern mann.“
En lítið var það sem úr býtum hann bar,
því bláblönk að jafnaði útgerðin var.

Og þá stundi Mundi:
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!
Ég þoli ekki lengur
að þvælast á sjó.“

Hann varð af því hokinn, hann varð af því grár
að velkjast á togurum þrjátíu ár.
Í stórsjó og ágjöf hann stóð sína plíkt
með sting fyrir brjósti og króníska gigt.

Og þá stundi Mundi:
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!
Ég þoli ekki lengur
að þvælast á sjó.“

Í hífingu eitt sinn hann hentist á vír,
og hurfu þar fingur hans tveir eða þrír.
Í annað sinn bobbing hann oná sig fékk,
og eftir það haltur og skakkur hann gekk.

Og þá stundi Mundi:
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!
Ég þoli ekki lengur
að þvælast á sjó.“

Til fimmtugs hann þraukaði, en þá fékk hann slag,
og það gerðist einmitt á sjómannadag.
Og sungið var þá eins og sungið er enn
um særokna, vindbarða Hrafnistumenn.

Og þá stundi Mundi:
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!
Ég þoli ekki lengur
að þvælast á sjó.“

Sestu hérna hjá mér ástin mín

Song by: Lydia K. Liliuokalani
Lyrics by: Jón frá Ljárskógum
ArtistsSvavar Lárusson

Sestu hérna hjá mér, ástin mín,
horfðu á sólarlagsins roða glóð.
Særinn ljómar líkt og gullið vín,
léttar báru þar kveða þýðan óð.
Við öldunið og aftan frið
er yndislegt að hvíla þér við hlið.
Hve dýrðlegt er í örmum þér
að una og gleyma sér.

Suðurnesjamenn

Song by: Sigvaldi Kaldalóns
Lyrics by: Ólína Andrésdóttir
Artists: Savanna Trío

Sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn.
Ekki var að spauga með þá Útnesjamenn.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Unnur bauð þeim faðm sinn svo ferleg og há.
Kunnu þeir að beita hana brögðum sínum þá.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Kunnu þeir að stýra, og styrk var þeirra mund.
Bárum ristum byrðingarnir ólífisund.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Ekki er að spauga með íslenskt sjómansblóð,
ólíandi sem hafið og eldfjallaglóð.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Ásækið sem logi og áræðið sem brim,
hræðist hvorki brotsjó né bálviðra glym.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Gull að sækja' í greipar þeim geigvæna mar
ekki nema ofurmennum ætlandi var.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Tryggðapantarnir

Song by: Niels Clemmensen
Lyrics by: Páll Ólafsson

Komdu og skoðuðu' í kistuna mína!
Í kössum og handröðum á ég þar nóg,
sem mér hafa gefið í minningu sína
meyjarnar allar, sem brugðust mér þó.
Í handröðum þessum ég hitt og þetta' á
sem heldur en ekki er fróðlegt að sjá.

Trala-la-la, la-la-la
la-la-la, la-la-la,
la-la-la, la-la-la-

la-la-lala.

Þarna' hef ég undur af öðru eins, maður!
Önnum og Gunnum og Kristínunum frá.
Það er vonar, ég væri' ekki glaður;
en ég verð aldrei hnugginn, og það muntu sjá,
að enn hafa stúlkurnar mætur á mér;
mun ég þó fyrst um sinn trúa þeim ver.

Trala-la-la, la-la-la
la-la-la, la-la-la,
la-la-la, la-la-la-,
la-la-lala.

Rósaklút þennan hún Guðrún mín gaf mér;
það gekk allt í spaugi í rökkrinu þá.
Sinna dró gleðina' og gamanið af mér.
Ég grét eins og krakki, þá hana ég sá
vefja' að sér beykirinn. Þörf var mér þá
að þurrka' af mér skælnar klútgreynu á.

Trala-la-la, la-la-la
la-la-la, la-la-la,
la-la-la, la-la-la-,
la-la-lala.

Undir Dalanna sól

Song by: Björgvin Þ. Valdimarsson
Lyrics by: Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum
Artists: Álfagerðisbræður

Undir Dalanna sól við minn einfalda óð
hef ég unað við kyrrláta för.
Undir Dalanna sól hef ég lifað mín ljóð
ég hef leitað og fundið mín svör.

Undir Dalanna sól hef ég gæfuna gist
stundum grátið en oftast í fögnuði kysst.
Undir Dalanna sól á ég bú mitt og ból
og minn bikar, minn arinn,
minn svefnstað og skjól.

Undir bláhimni

Song by: Sam C. Hart
Lyrics by: Magnús K. Gíslason frá Vöglum
Artists: Ólafur Þórarinnsson

Undir bláhimni blíðsumars nætur
barst' í arma mér rósfagra mey.
Þar sem döggin í grasinu grætur,
gárast tjörnir í suðrænum þey.

Ég var snortinn af yndisleik þínum,
ástarpráin er vonunum felld.
Þú ert ljósblik á lífshimni mínum,
þú er ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég vil dansa við þig, meðan dunar
þetta draumblíða lag, sem eg ann.
Meðan fjörið í æðunum funar
af fögnuði hjartans, er brann.

Og svo dönsum við dátt, það er gaman,
meðan dagur í austrinu rís.
og svo leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.
Já, út í sumarsins paradís

Vertu til er vorið kallar á þig

Song by: B. Rubaschkin
Lyrics by: Tryggvi Þorsteinsson
ArtistsBarnakór Guðrúnar Árnadóttur

Vertu til, er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.

Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka, rækta nýjan skóg.

Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka, rækta nýjan skóg.

Viltu með mér vaka í nótt

Song by: Hendrik Konrad Rasmus
Lyrics by: Valborg Bentsdóttir
ArtistsHermann Jónsson

Viltu með mér vaka' í nótt?
Vaka' á meðan húmið hljótt
leggst um lönd og sæ,
lifnar fjör í bæ?
Viltu með mér vaka' í nótt?

Vina mín kær,
vonglaða mær,
æfíð ann ég þér.
Ást þína veittu mér
aðeins þessa einu nótt.

Vinarkveðja

Song by: B. Hoyer
Lyrics by: Theódór Einarsson
ArtistsReiðmenn Vindanna ásamt fleirum.

Besti vinur bak við fjöllin háu,
blærinn flytur mín kveðjuorð til þín,
hvíslar í eyru ljúfu ljóði smáu,
löng er biðin uns kemur þú til mín.

Manstu ekki sumarkvöldin sælu,
er við sátum við dalsins tæru lind
og hlýddum undurhljóð á hörpu minnar óð

og ortum fögur ástarljóð.

Er ég vaki um nætur og vænti þín
og Það vorar allt grætur þig ástin mín.
Þegar vorfugla kvaka komdu vinur til baka,
og við vökum og dönsum meðan vornóttin dvín.

Sóló

Manstu ekki sumarkvöldin sælu,
er við sátum við dalsins tæru lind
og hlýddum undurhljóð á hörpu minnar óð
og ortum fögur ástarljóð.

Er ég vaki um nætur og vænti þín
og Það vorar allt grætur þig ástin mín.
Þegar vorfugla kvaka komdu vinur til baka,
og við vökum og dönsum meðan vornóttin dvín.

Vor við sæinn (Bjartar vonir vakna)

Song by: Oddgeir Kristjánsson
Lyrics by: Árni úr Eyjum
ArtistsHelgi Björnsson ásamt fleirum.

Bjartar vonir vakna, í vorsins ljúfa blæ,
bjarmar yfir björgum við bláan sæ,
fagur fuglasöngur, nú fyllir loftin blá,
brjóstin ungu bifast, af blíðri þrá.

Í æðum ólgar blóð í aftan sólarglóð,
ég heyri mildan hörpuslátt.
Ég heyri huldumál, sem heilla mína sál
við hafið svalt og safirblátt.

Komdu vina kæra, ó komdu út með sjó,
bylgjur klettinn kyssa í kvöldsins ró,
viltu með mér vaka þú veist ég elska þig.
Komdu vina kæra og kysstu mig.

Vor í Vaglaskógi

Song by: Jónas Jónasson
Lyrics by: Kristján frá Djúpalæk
ArtistsKaleo ásamt fleirum.

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.
Við skulum tjalda í grænum berjamó .
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær.
Lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn vaggandi blæ.

Daggperlur glitra um dalinn færast ró
draumar þess rætast er gistir Vaglaskóg .
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.
Kyrrðin er friðandi mild og angurvær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn fagnandi blær.

Á Sprengisandi

Song by: Sigvaldi Kaldalóns
Lyrics by: Grímur Thomsen
ArtistsIslandica

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn
úr því fer að skyggja á jökulsvell.

Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.
Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.

Þei þei, þei þei. Þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.

Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun.
Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun.

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrotting er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.

Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.
Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.

Ást

Song by: Magnús Þór Sigmundsson
Lyrics by: Sigurður Norðdal
ArtistsRagnheiður Gröndal

Sólin brennir nóttina
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.
Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,

þögn í seiðandi solli
og söngur ef allt er hljótt.
Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og Guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt
fyrir en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrir en með sjálfri mér.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, Guð - og við.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt
fyrir en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað
fyrir en með sjálfri mér.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt
fyrir en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað
fyrir en með sjálfri mér.

Ég er kominn heim

Song by: Emmerich Kálmán
Lyrics by: Jón Sigurðsson
ArtistsÓðinn Valdimarsson

ATH**
hægt að setja capó á 3 band og spila lagið í C
þá eru hljóðmarnir mun viðráðanlegri.

Er völlum grær og vetur flýr
og vermir sólin grund.
Kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit
sem brosir móti sól.
Þar ungu lífi landið mitt

mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.
ég er kominn heim.

Ég fann þig

Song by: Amerískt þjóðlag
Lyrics by: Jón Sigurðsson
ArtistsBjörgvin Halldórsson

Ég hef allt líf mitt leitað að þér
leitað og spurt, sértu þar eða hér
því ég trúði að til væri þú,
trúði og ég á þig nú.

Loksins ég fann þig líka þú sást mig
ljóminn úr brúnu augunum skein
haltu mér fast í hjarta þér veistu
að hjá mér er aðeins þú ein

Sá ég þig fyrst um sólgullið kvöld
sá þig og fann að hjá mér tókstu völd
því hjá þér ég hvíld finn og frið
ferð mín er bundin þig við

Loksins ég fann þig líka þú sást mig
ljóminn úr brúnu augunum skein
haltu mér fast í hjarta þér veistu
að hjá mér er aðeins þú ein

Loksins ég fann þig líka þú sást mig
ljóminn úr brúnu augunum skein
haltu mér fast í hjarta þér veistu
að hjá mér er aðeins þú ein

Loksins ég fann þig líka þú sást mig
ljóminn úr brúnu augunum skein
haltu mér fast í hjarta þér veistu
að hjá mér er aðeins þú ein

Í Bláum Skugga

Song by: Sigurður Bjóla Garðarsson
Lyrics by: Sigurður Bjóla Garðarsson
ArtistsStuðmenn

Í bláum skugga af broshýrum reyr.
Við eigum pípu, kannski eilítið meir.
Við eigum von og allt sem er dæmt og deyr.

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

Við áttum kaggann, þúfur og þras
og kannski dreytil í tímans glas.
En hvað er það, á við gott lyfjagras.

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

Básúnu sóló:

Og þegar vorið kemur á kreik,
þá tek ég flugið og fæ mér reykt.
Hann er mín trú og festa í lífsins leik.

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ

ÚÚ ÚÚ ÚÚ ÚÚ
ÚÚÚÚ ÚÚ ÚÚ

Dixieland kafli:

Í Hlíðarendakoti

Song by: Friðrik Bjarnason
Lyrics by: Þorsteinn Erlingsson
ArtistsEgill Ólafsson

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman.
Þar var löngum hlegið hátt
hent að mörgu gaman.
Úti um stéttar urðu þar
einatt skrítnar sögur.
Þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja.
Til að kankast eithvað á
eða til að hlæja.
Margt eitt kvöld og margan dag

máttum við í næði.
Æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá,
Hlíðar brekku undir.
Er svo margt að minnast á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir.
Heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

Ísland er land þitt

Song by: Magnús Þór Sigmundsson
Lyrics by: Margrét Jónsdóttir
Artists: Pálmi Gunnarsson

(capó á 2. bandi. Þar sem að lagið er upphaflega í E-dúr)

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið, sem ungan þig dreymir.
Ísland í vonanna birtu þú sérð.
Ísland í sumarsins algræna skróði,
Ísland með blikandi norðljósatraf.
Ísland, er feðranna afrekum hlúði.
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin, sem arfinn þinn geymir.
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk sú lind, sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.
Íslensk er lundin með karlmennsku þor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
Íslandi helgar þú krafta og starf.
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

Ó, Jósep, Jósep

Song by: Saul Chaplin
Lyrics by: Skafti Sigþórsson
Artists: KK ásamt fleirum.

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða
og bráðum hvarma mína fylla tár,
því fyrr en varir æskuárin líða
og ellin kemur með sín gráu hár.

Ég spyr þig, Jósep, hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Ó, Jósep, Jósep, láttu bílinn bruna
og byrjaðu sem fyrst að trukka mig.
Við keyrum út í græna náttúruna,
sem gerir viðkvæm bæði mig og þig.
Ó, Jósep, Jósep, hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Ó, María mig langar heim

Song by: Tills Wilkins
Lyrics by: Ólafur Gaukur Þórhallsson
Artists: Hljómsveit Þorsteins Guðmundssonar ásamt fleirum.

Hann sigldi út um höfin blá í 17 ár
og sjómennsku kunni hann upp á hár,
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar
hann heillaði þar allar stúlkurnar
en aldrei hann meyjarnar augum leit
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið
til hennar sem sat þar og beið og beið
hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.

Ó, María hjá þér.

En fleyið bar hann aldrei heim að fjarðarströnd.
Hann siglir ei lengur um ókunn lönd.
En María bíður og bíður enn
Hún bíður og vonar hann komi nú senn.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Ó, nema ég

Song by: Don Gibson
Lyrics by: Jón Sigurðsson
ArtistsSkapti Ólafsson

Oft á vorin haldin eru héraðsmót
í hópum þangað sækja bæði sveinn og snót.
og allir skemmta sér á einhvern veg, ó, nema ég.

Það eiga allir kærustur, sem kyssa þá
og klappa þeim í lautum svona til og frá.
Og brosin frá þeim fá þeir unaðs leg, ó, nema ég.

Mér alltaf illa gekk og aldrei neitt ég fékk,
sem öðrum veittist, það er alveg satt.
Á grasi iðar dans og oft í meyjafans
ég endilangur snögg um þúfur datt.

En héraðsmótin hætta reynist hverjum þeim,
sem hrífst af meyjarkinn og bláum augum tveim.
Þeir ánetjast á einn og annan veg, hæ, nema ég.

hæ, nema ég.
hæ, nema ég.

Óbyggðirnar kalla

Song by: Magnús Eiríksson
Lyrics by: Magnús Eiríksson
ArtistsKK ásamt fleirum.

Hoppa kátur út um dyrnar
við blasir heimurinn.
Himinblár er bláminn.
Himneskur jökullinn.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Bergmál óbyggðanna
svo bjart í höfði mér.
Leiður á öllu og öllum

hundleiður á sjálfum mér.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Hoppa kátur út um gluggann
úr blokk á fyrstu hæð.
Svo siglir sálarduggan
í allri sinni smæð.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Út í veður og vind

Song by: Valgeir Guðjónsson ásamt fleirum.
Lyrics by: Valgeir Guðjónsson ásamt fleirum.
ArtistsStuðmenn

Ég legg metnað minn í það að míga úti
og í mannskaðanum varð ég undir vegg.
Í Stangarholti kúlðrast ég hjá Knúti
og Kristínu, sem spælir okkur egg.

O, ó, út í veður og vind
o, ó, vatns- ég lita -mynd, undan vindi.

Ég migið hef í mörgu dimmu skoti
og meir að segja bak við hús hjá þér.
Þótt nýtískuleg salernin ég noti
er nepjan betri til að hægja á sér

O, ó, út í veður og vind
o, ó, vatns- ég lita -mynd, undan vindi.

Afi kenndi mér sem ungum pilti
A-aldrei að láta deigan síga
og þegar kuldinn kvikasilfrið tryllti,
hann kenndi mér í lófana að míga

O, ó, út í veður og vind
o, ó, vatns- ég lita -mynd, undan vindi.

Og eftir því sem árin færast yfir.....takk fyrir.

Þytur í laufi

Song by: Aldís Ragnarsdóttir
Lyrics by: Tryggvi Þorsteinsson
ArtistsTryggvi Þorsteinsson

Þytur í laufi bálið brennur.

Blærinn hvíslar: "Sofðu rótt."
Hljóður í hafi röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.

Vaka þá ennþá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur gaman.
Gleðin, hún býr í fjallasal.

Þórsmerkurljóð

Song by: Þýskt þjóðlag
Lyrics by: Sigurður Þórarinnsson
Artists: Sigurdór Sigurdórsson ásamt fleirum.

Ennþá geymist það mér í minni,
María, María,
hvernig við fundumst í fyrsta sinni,
María, María.
Upphaf þess fundar var í þeim dúr,
að ætluðum bæði í Merkurtúr.
María, María, María, María, María, María.

Margt skeður stundum í Merkurferðum,
María, María,
mest þó ef Bakkus er með í gerðum,
María, María.
Brátt sátu flestir kinn við kinn
og kominn var galsi í mannskapinn.
María, María, María, María, María, María.

Því er nú eitt sinn þannig varið,
María, María,
að áráttu kvensamra' er kvennafarið,
María, María.
Einhvern veginn svo æxlaðist
að ég fékk þig í bílnum kysst.
María, María, María, María, María, María.

Ofarlega mér er í sinni,
María, María,
að það var fagurt í Þórsmörkinni,
María, María.
Birkið ilmaði, allt var hjótt
yfir oss hvelfdist stjörnunótt.
María, María, María, María, María, María.

Ei við eina fjöl er ég felldur,
María, María,
og þú ert víst enginn engill heldur,
María, María.
Okkur mun sambúðin endast vel
úr því að hæfir kjafti skel.
María, María, María, María, María, María.

Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér,
María, María,
síðan ætla' ég að sofa hjá þér,

María, María.
Svo örkum við saman vorn æfiveg
er ekki tilveran dásamleg.
María, María, María, María, María, María.